

27.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins í Laugardal miðvikudaginn 14.mars 2012 kl. 20.00.

Mætt: Sigurjón, Guðjón, Birgir, Óskar Ingi, Kári og Gry. Auðunn og Hulda boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt
- 2) Sala á keppnissett Kraft.
Fjögur tilboð bárust í settið.
Samþykkt að taka tilboði frá Kraftlyftingafélagi Garðabæjar. **Samþykkt** að láta lóðarekkann fylgja með í kaupunum. **Birgir** gengur frá málinu.
- 3) Græjumál
Samþykkt var að láta kaupverðið ganga upp í smíði á kassa utanum dómara ljós sambandsins. **Samþykkt** var að kanna verð á nauðsynlegum tölvubúnaði fyrir Goodliftkerfi sambandsins. **Samþykkt** var að fara yfir eignarlista Kraft með það fyrir augum að koma restinn af lóðunum út í félögin.
Guðjón og **Birgir** sjá um að kassinn verði smíðaður. **Kári** kannar verð á tölvubúnaði. **Birgir** kemur með eignarlista Kraft á næsta stjórnarfund.
- 4) Útbreiðslumál
Guðjón sagði frá fundi á Akureyri varðandi stofnun nýrra félaga. Hann upplýsti líka að stofnun deildar í Stykkishólmi er í undirbúningi. Sigurjón upplýsti að hann verður á ferðinni á Austurlandi á næstunni og mun nota tækifærið og ræða við áhugamenn þar.
- 5) Afreksstefna
Gry lagði fram ramma að afreksstefnu. **Samþykkt** að **stjórnin** kynni sér málið vel og taki það fyrir á næsta fundi. **Kári** opnar aðgang að Dropbox fyrir nýja stjórnarmenn.
- 6) Reglugerð um dómaramál
Stjórnin **samþykkti** inntak reglugerðar um dómaramál, en vill gera breytingar sem gefur nýjum félögum aðlögunartíma og eru réttlát gagnvart fámennustu félögum. Stjórnin **samþykkti** að gera breytingar á mótareglum til samræmis við reglugerð um skipan dómaramála.
Samþykkt að fela **dómaranefnd** að laga orðalag reglugerðarinnar að vilja stjórnar.
- 7) Dómarapróf
Samþykkt að bjóða upp á tvö dómarapróf á árinu og halda tvö „æfingarmót/byrjendamót“ í tengslum við verklega prófið.
Óskar Ingi og **Guðjón** ræða við Massa og Breiðablik um að halda slík mót í sumar/haust og staðfesta dagsetningu sem fyrst.
- 8) Landsliðsmál
Lagður var fram listi yfir einstaklingum sem uppfylla skilyrðum um lágmarksárangur til þátttöku erlendis. **Samþykkt** var að **Guðjón**, **Sigurjón** og **Kári** fari yfir listann miðað við fjárhagsáætlun og ákveða hvaða styrki er hægt að veita í hin ýmsu mót. Þegar það liggur fyrir mun **Guðjón** kanna hug keppenda til þátttöku.
- 9) Aðstaða fyrir landsliðsþjálfun
Samþykkt að tryggja landsliðsþjálfara aðstöðu til æfinga með landsliðsmönnum. **Sigurjón** og **Guðjón** kanna möguleikana á samstarf við Breiðablik.

10) Lágmrörk á Íslandsmót

Samþykkt að hefja undirbúning undir setningu lágmarka fyrir Íslandsmót. **Kári** gerir tillögu að lágmrörkum og leggur fyrir stjórn.

11) Fjármál

Uppýst var að sambandinu hefur borist ríkisstyrk að upphæð 1.770.152 krónum fyrir árið 2012.

12) Alþjóðamót á Íslandi.

Samþykkt að leita til Massa um að halda Norðurlandamót unglina 2013. **Samþykkt** að senda formlega umsókn um Vesturevrópukeppnina 2015 til EPF fyrir 23.apríl

Gry sendir bréf til Massa. **Sigurjón** sendir umsókn til EPF.

13) Önnur mál

- Agamál.

Sigurjón tók að sér að ganga frá óafgreiddu máli við félagi í UMF Selfossi

- Vinna á ÍM í Njarðvíkum.

Kári tók að sér að vinna á Goodlift, en mótshaldari setur upp allan tölvubúnað. **Gry** tók að sér að vinna í keppnisskýrslu og hafa tilbúin öll nauðsynleg gögn. **Óskar Ingi** upplýsir mótshaldara

- Ársskýrsla.

Kári tók að sér að fara yfir og senda inn ársskýrsluna í Felix.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 22.10

Fundarritari Gry Ek